

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2010

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins 2010 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 72,7 ma.kr. en var neikvætt um 122,8 ma.kr. á sama tímabili 2009. Tekjur reyndust um 44,2 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin drógust saman um 12,6 ma.kr. milli ára. Þetta er mun betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um rúma 105 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-nóvember 2006-2010

	Í milljónum króna				
	2006	2007	2008	2009	2010
Innheimtar tekjur	338 507	389 404	392 733	367 629	411 780
Greidd gjöld	284 909	328 012	392 519	483 921	471 321
Tekjujöfnuður	53 598	61 391	214	-116 291	-59 541
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	- 384	- 33	- 40	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-1 182	-7 809	7 128	-6 533	-13 116
Handbært fé frá rekstri	52 031	53 550	7 302	-122 824	-72 657
Fjármunahreyfingar	-2 138	-67 660	-37 286	35 860	10 459
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	49 893	-11 484	-29 984	-86 964	-62 198
Afborganir lána	-44 583	-33 828	-45 490	-99 172	-149 930
Innanlands	-21 710	-22 496	-30 019	-72 823	-81 865
Erlendis	-22 873	-11 332	-15 471	-26 349	-68 065
Greiðslur til LSR og LH	-3 650	-3 650	-3 650	-	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	1 660	-48 961	-79 124	-186 136	-212 128
Lántökur	21 587	63 392	145 286	172 862	322 979
Innanlands	21 345	63 207	101 712	165 302	194 421
Erlendis	242	185	43 574	7 560	128 557
Breyting á handbæru fé	23 248	14 430	66 162	-13 274	110 851

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 411,8 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 43,9 ma.kr. aukning frá sama tíma í fyrra og 22,2 ma.kr. meiri tekjur en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Hið jákvæða frávik stafar einkum af hagnaði vegna svonefnds Avenssamkomulags, sem ekki var reiknað með í fjárlögum. Þá voru skatttekjur og tryggingagjöld 1,1 ma.kr. yfir tekjuáætlun fjárlaga og námu 361,2 ma.kr. frá janúar til nóvember.

Bókfærður tekjuskattur einstaklinga var 80,4 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er aukning um 8,5% frá sama tíma í fyrra en 8,2% undir tekjuáætlun fjárlaga. Tekjuskattur lögaðila nam 12,7 ma.kr. sem er aukning um 6,6% frá fyrra ári og 9,5% yfir áætlun. Innheimtur fjármagnstekjuskattur var 28,5 ma.kr. á tímabilinu en áætlunin gerði ráð fyrir 27,3 ma.kr. Innheimtutölur um fjármagnstekjuskatt eru ekki sambærilegar við fyrra ár þar sem ársfjórðungsskilin voru tekin upp á miðju sl. ári auk þess sem skatthlutfallinu hefur

verið breytt. Innheimta eignarskatta var 7,1 ma.kr. og jókst um 62,3% frá fyrra ári (2,2% yfir tekjuáætlun fjárlaga). Þar af námu stimpilgjöld 2,4 ma.kr. og auðlegðarskattur 2,7 ma.kr. en 1,25% auðlegðarskattur var lagður á í fyrsta sinn í ágúst og miðast við hreina eign einstaklinga umfram 90 m.kr. og 120 m.kr. hjá hjónum. Álagning hans var birt í lok júlí og nam 3,8 ma.kr. fyrir árið í heild. Þá var hlutur erfðafjárskatts um fimmtungur eignarskattanna í janúar-nóvember og nam 1,4 ma.kr., sem er 24,4% aukning frá sama tíma í fyrra.

Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2008	2009	2010	2008	2009	2010
Skatttekjur og tryggingagjöld	354 181	322 031	361 231	0,2	-9,1	12,2
Skattar á tekjur og hagnað	133 806	123 673	121 656	7,6	-7,6	-1,6
Tekjuskattur einstaklinga	79 592	74 134	80 424	4,7	-6,9	8,5
Tekjuskattur lögaðila	22 699	11 921	12 706	-9,3	-47,5	6,6
Skattur á fjármagnstekjur	31 516	37 617	28 525	35,0	19,4	-24,2
Eignarskattar	7 164	4 367	7 087	-31,9	-39,0	62,3
Skattar á vöru og þjónustu	166 617	144 393	163 676	-4,8	-13,3	13,4
Virðisaukaskattur	117 634	98 374	109 975	-4,4	-16,4	11,8
Vörugjöld af ökutækjum	7 265	1 643	1 423	-26,1	-77,4	-13,4
Vörugjöld af bensíni	8 157	10 235	10 649	-4,9	25,5	4,0
Skattar á olíu	6 774	6 629	6 533	0,8	-2,1	-1,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	10 892	12 447	13 381	1,4	14,3	7,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	15 894	15 066	21 715	-0,9	-5,2	44,1
Tollar og aðflutningsgjöld	5 462	4 524	5 815	4,4	-17,2	28,6
Aðrir skattar	3 518	7 196	7 389	27,3	104,6	2,7
Tryggingagjöld	37 614	37 879	55 609	5,5	0,7	46,8
Fjárframlög	348	440	763	-65,5	26,6	73,2
Aðrar tekjur	35 416	44 858	30 133	26,8	26,7	-32,8
Sala eigna	2 787	527	19 654	-	-	-
Tekjur alls	392 733	367 856	411 781	0,9	-6,3	11,9

Frá ársbyrjun hafa veltuskattar skilað ríkissjóði 163,7 ma.kr. sem er 13,4% nafnaukning og 5,1% aukning að raunvirði. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal nemur raunlækkunin 4,1% (sjá mynd).

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**




Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur, sem er stærsti hluti veltuskattanna, nam 110 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 11,8% aukning að nafnvirði á milli ára og 4,5% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur í nóvembermánuði einum nam 7,9 ma.kr. en hann kemur að mestu af innflutningi í mánuðunum september og október. Aðrir veltuskattar, sem eru einkum ýmis vörugjöld, námu 53,7 ma.kr. frá janúar til nóvember og jukust um 16,7% frá sama tíma 2009. Þar af jukust vörugjöld af bensíni um 4% og vörugjöld af olíu um 3,3%. Þessir liðir voru annars vegar 3,8% undir tekjuáætlun fjárlaga og hins vegar 1,6% yfir áætlun. Tekjur af áfengisgjaldi jukust um 8,9% frá sama tíma í fyrra og tekjur af tóbaksgjaldi um 4,6% en skattstofnar þessara tekjupósta hafa dregist töluvert saman frá fyrra ári. Tekjur af áfengisgjaldi voru 0,9% minni en gert hafði verið ráð fyrir í tekjuáætlun fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins og er það minna frávík en verið hefur lengst af árinu, sem bendir til þess að innheimtan hafi verið minni á fyrri hluta ársins en meiri á þeim seinni en áætlað var. Þá voru tekjur af tóbaksgjaldi 3,7% minni en gert var ráð fyrir. Aðeins tveir liðir veltutengdra skatta hafa skilað ríkissjóði minni tekjum í krónum talið í ár en í fyrra. Annars vegar er 29,4% samdráttur tekna af kílómetragjaldi og hins vegar 13,4% samdráttur vörugjalda af ökutækjum. Kílómetragjaldið var lækkað um 20% í lok maí árið 2009 sem skýrir samdráttinn að miklu leyti. Þá hefur gengi íslensku krónunnar verið að styrkjast allt frá upphafi ársins og því reiknast nú vörugjöld af ökutækjum á lægri stofn þrátt fyrir 26% aukningu í nýskráningum bíla.

Tekjur af tryggingagjaldi frá janúar til nóvember voru 55,6 ma.kr. sem eru 17,7 ma.kr. meiri tekjur en í fyrra og í samræmi við tekjuáætlun fjárlaga. Skýring þessarar aukningar er sú að hluti atvinnuþryggingagjaldsins í tryggingagjaldinu var hækkaður á miðju ári 2009 úr 0,65% í 2,21% og aftur í byrjun árs 2010, upp í 3,81%, auk þess sem ábyrgðargjald launa var hækkað úr 0,10% í 0,25% í tveimur skrefum. Skil tryggingagjalds í nóvember eru að mestu vegna launa októbermánaðar. Á grundvelli innheimtugagna má áætla að tryggingagjalds-

stofninn á fyrstu tíu mánuðum ársins hafi aukist um 1,1% frá sama tíma í fyrra. Á myndinni má sjá að eftir mikinn samdrátt allt frá síðasta fjórðungi ársins 2008 hefur stofninn rétt úr sér á nýjan leik.

**Tryggingagjaldstofn að nafnvirði, mánaðarleg þróun 2008-2010
m.v. 2 mánaða hlaupandi meðaltal**



Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu 5,8 ma.kr. frá janúar til nóvember sem er aukning um 28,6% frá árinu 2009. Aukningin skýrist að hluta til af því að hluti tekna ársins 2009 innheimtist í ár vegna greiðslufrestunarheimilda sem giltu þar til í júní sl. Frá júlímánuði hafa tollar og aðflutningsgjöld verið innheimt á einum gjalddaga eins og áður. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur, fjárframlög og eignasala) námu 30,1 ma.kr. Hér er einkum um að ræða vaxtatekjur og tekjur af sölu vöru og þjónustu. Tekjur af sölu eigna á fyrstu tíu mánuðum ársins námu 19,7 ma.kr. sem er 19,1 ma.kr. umfram tekjuáætlun, enda var í henni ekki gert ráð fyrir hagnaði ríkissjóðs af áðurnefndu samkomulagi um kaup á íslenskum skuldabréfum af Seðlabankanum í Lúxemborg og sölu sendiherrabústaðar sem bókfærð var í júní sl. (sjá nánari umfjöllun í Greiðsluafkomu ríkissjóðs janúar-júní).

Greidd gjöld námu 471,3 ma.kr. og drógust saman um 12,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,6%. Útgjöldin voru einnig verulega undir fjárheimildum tímabilsins eða 4,7%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára sem skýrist meðal annars af eðli málaflokkanna en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan. Vaxtagjöld ríkissjóðs voru umtalsverð á tímabilinu en ef áhrif aukningar þeirra á milli ára eru undanskilin drógust greidd gjöld ríkissjóðs saman milli ára um 15,3 ma.kr. Útgjöld flestra málaflokka voru innan áætlana eftir 11 mánuði og stefna greidd útgjöld í að verða innan heimilda ársins 2010.

Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 2,7 ma.kr. milli ára en voru í takt við áætlanir ársins. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,4 ma.kr. á milli ára þar sem útgjöld vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga jukust um 2 ma.kr. milli ára sem er lítillega yfir áætlunum ársins og þá jukust útgjöld vegna reksturs fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll um 530 m.kr. milli ára. Útgjöld til þróunarmála og alþjóðasamskipta drógust saman um 1,3 ma.kr. milli ára

og aðflutningsgjöld af útflutningi notaðra ökutækja um 365 m.kr. Útgjöld til almanna-trygginga og velferðarmála drógust saman um 2,7 ma.kr. milli ára en voru 9,4 ma.kr. innan áætlana ársins. Útgjöld lífeyristrygginga drógust saman um 1,8 ma.kr. milli ára og voru einnig 2,9 ma.kr. innan áætlana. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð voru 989 m.kr. lægri en á síðasta ári, útgjöld fæðingarorlofssjóðs 941 m.kr. lægri og útgjöld atvinnuleysistryggingasjóðs 860 m.kr. lægri. Á móti voru útgjöld vegna vaxtabóta 1,3 ma.kr. hærri og útgjöld vegna barnabóta 209 m.kr. hærri.

Útgjöld til heilbrigðismála drógust saman um 3 ma.kr. milli ára en voru 708 m.kr. umfram áætlanir. Útgjöld til Landspítala drógust saman um 2 ma.kr. milli ára sem er í takt við þá hagræðingarkröfu sem gerð var. Rekstur stofnunarinnar var 2,6 ma.kr. yfir áætlunum tímabilsins en gert er ráð fyrir að hann verði í jafnvægi í lok árs. Þá voru útgjöld vegna sjúkratrygginga 803 m.kr. lægri en 2009 en voru þrátt fyrir það 1,4 ma.kr. yfir áætlunum ársins. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust mest saman milli ára eða um tæpa 7 ma.kr. Jafnframt voru útgjöld til þess málaflokks tæplega 8 ma.kr. innan áætlana. Þarna munar mestu um nokkra stofnkostnaðarliði svo sem útgjöld til framkvæmda Vega-gerðarinnar sem dragast saman um 3,8 ma.kr. á milli ára og voru jafnframt 1,3 ma.kr. innan áætlana. Einnig má nefna flugvelli og flugleiðsöguþjónustu þar sem útgjöld drógust saman um 1,4 ma.kr., Fjarskiptasjóð um 680 m.kr. og Hafnabótasjóð um 449 m.kr. Framlög til þessara liða voru lækkuð nokkuð milli ára en einnig hafa ákveðnar framkvæmdir færst til innan ársins. Gera má ráð fyrir að búið sé að skuldbinda fjárheimildir málaflokksins að langmestu leyti. Útgjöld til menntamála jukust um 2,1 ma.kr. á milli ára en voru 892 m.kr. innan áætlana. Mest jukust útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 2,1 ma.kr. sem er nokkurn veginn það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til háskóla jukust um 690 m.kr. milli ára en voru í takt við áætlanir. Útgjöld til framhaldsskóla í heild drógust saman um 149 m.kr. milli ára en voru 596 m.kr. innan áætlana. Útgjöld til menningar-, íþrótt- og trúmála drógust saman um 2,4 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 1,3 ma.kr. innan heimilda. Útgjöld stofnana málaflokksins drógust saman um 886 m.kr. og útgjöld til viðhalds og stofnkostnaðar menningarstofnana um 312 m.kr. Þá drógust framlög á ýmsum safnliðum saman um rúman 1 ma.kr.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála drógust saman um 3,1 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 1,6 ma.kr. innan áætlana. Þarna munar langmest um fjárfestingar Landhelgisgjóðs en á árinu 2009 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Þá hefur afhending nýs varðskips tafist vegna skemmda sem urðu á skipasmíðastöðinni vegna mikilla jarðskjálfta í Chile. Útgjöld til umhverfisverndar jukust um 114 m.kr. milli ára en voru þrátt fyrir það 968 m.kr. innan áætlana. Bygging þjónustumiðstöðvar í Vatnajökulspjóðgarði skýrir þessa aukningu milli ára að mestu leyti. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 82 m.kr. sem skýrist að mestu með Varnarmálastofnun. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála jukust um 5 m.kr. milli ára og voru nokkurn veginn í takt við áætlanir. Óregluleg útgjöld drógust saman um 656 m.kr. milli ára. Greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs fellur undir óregluleg útgjöld og drógust þær greiðslur saman milli ára um 675 m.kr.

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember 2008-2010

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2008	2009	2010	2009	2010
Vaxtagreiðslur	14 137	59 334	62 020	319,7	4,5
Almenn opinber þjónusta	36 306	39 684	41 093	9,3	3,6
Varnarmál	991	1 401	1 319	41,4	-5,9
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	17 733	19 392	16 293	9,4	-16,0
Efnahags- og atvinnumál	60 094	60 733	53 779	1,1	-11,5
Umhverfisvernd	4 025	4 016	4 131	-0,2	2,9
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	488	585	590	19,8	0,9
Heilbrigðismál	97 600	104 573	101 524	7,1	-2,9
Menningar- íþróttá- og trúmál	15 359	16 921	14 559	10,2	-14,0
Menntamál	39 014	41 640	43 759	6,7	5,1
Almannatryggingar og velferðarmál	98 229	121 554	118 824	23,7	-2,2
Óregluleg útgjöld	8 544	14 087	13 431	64,9	-4,7
Gjöld alls	392 519	483 921	471 321	23,3	-2,6

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er neikvæður um 62,2 ma.kr. þar sem handbært fé frá rekstri er neikvætt um 28,2 ma.kr. og fjármunahreyfingar neikvæðar um 34 ma.kr. Er það 24,8 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Stærstu hreyfingar undir fjármagnsjöfnuði eru annars vegar 74,6 ma.kr. kaup ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. í Lúxemborg og hins vegar 56,9 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti upp samsvarandi skuldir vegna lána á gjalddaga 2011. Avens B.V. í Lúxemborg var stærsti einstaki eigandi krónueigna utan Íslands og eru kaupin gerð í því skyni að draga úr áhættu vegna erlendra krónueigna. Ríkissjóður hefur jafnframt gengið frá samningi um sölu meirihluta þessara eigna til lífeyrisjóða gegn greiðslu í evrum að jafnvirði 88 ma.kr.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 149,9 ma.kr. Um 81,9 ma.kr. eru vegna innlendra skulda, aðallega vegna innlausnar ríkisbréfa á gjalddaga í mars sl. og uppkaupa í nóvember. Um 68,1 ma.kr. eru vegna erlendra skulda þar sem um 63,4 ma.kr. eru vegna uppkaupa ríkissjóðs á skuldabréfum í evrum sem eru á gjalddaga 2011 og 2012 og 4,4 ma.kr. vegna afborgana af skuldabréfi útgefnu í tengslum við kaup ríkissjóðs á skuldabréfum Avens. Heildar lánsfjárförf ríkissjóðs nam því 212,1 ma.kr.

Lántökur námu 323 ma.kr. Innlendar lántökur námu 194,4 ma.kr. þar sem gefin voru út óverðtryggð ríkisverðbréf fyrir 153,7 ma.kr. og verðtryggð ríkisbréf fyrir 53 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði um 12,3 ma.kr. Erlendar lántökur námu 128,6 ma.kr. þar sem um 75,4 ma.kr. voru frá samstarfsþjóðum sem hluti af áætlun stjórnvalda, í samstarfi við AGS, um að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Einnig gaf ríkissjóður út skuldabréf í evrum, að jafnvirði um 64 ma.kr., í tengslum við áður nefnd kaup ríkissjóðs á skuldabréfum Avens B.V. Handbært fé ríkissjóðs í Seðlabanka jókst um 110,9 ma.kr.